

Símafundur stjórnar 17. September 2018

Mætt voru: Sveinn, Jón Bjarni, Magnús, Eysteinn, Vignir og Hallveig sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og fyrsta mál var umræða um styrkbeiðni um aðkomu félagsins að sölusýningu í Spretti 26 október og þá ef af yrði, að halda aðra sýningu norðanlands til að reyna að koma til móts við félagsmenn sem víðast.

Skráningagjaldið á hvert hross var rætt og hvort hægt sé að hafa gjaldið lægra fyrir félagsmenn og er þá miðað við að hrossið sé í eigu félagsmanns.

Allir sammála því að reyna að ívilna félagmönnum sem mest með því að hafa gjaldið lægra fyrir félagsmenn. Sýningarnar væru haldnar í nafni Félags hrossabænda þó framkvæmdaraðilar/samstarfsaðilar sæju að langmestu leyti um framkvæmdina. Fjárhagleg ábyrgð gagnvart FHB mun byggjast á þeirri upphæð sem samþykkt er að styðja sýningarnar um eða samtals um 450.000 –

Sýningunum mun verða streymt og er meiningin að tvö hross séu á vellinum í einu og bæði séu í mynd alla sýninguna, þau munu birtast á skjánum í samtímis (skjánum er skipt í tvo hluta).

Það á að vera mikil metnaður þegar svona sýning er haldin í nafni félagsins s.s skráningar, sýningarskrá og útsending og að því verður stefnt enda hafa samstarfsaðilar mikinn metnað fyrir verkefninu. Góður punktur kom fram í fundinum þar sem bent var á að góðar upplýsingar kæmu fram um hvernig áhugasamir kaupendur geti nálgast hrossin eftir sýningarnar. Mikilvægt að fá sjónarmið/viðhorf hjá formönnum á Norðurlandi gagnvart sýningu f. norðan. Þá var einnig nefnt að hrossin verði sýnd með hefðbundnum búnaði s.s þyngd á fótabúnaði.

Það að koma að sölusýningu væri góð viðbót við það starf sem félagið á aðild að á sviði markaðsmála en þegar er félagið lykilþátttakandi í HOI og hefur einnig komið að ýmsu í sambandi við hrossa afurðir.

Sveini og Eysteini falið að vinna að undirbúningi og framvindu sölusýninganna f.h félagsins og munu þeir funda með samstarfsaðilunum þeim Magnúsi Benediktssyni og Arnari Bjarka Sigurðssyni um næstu skref.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.